

Bláskógabyggð  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir  
Félagsheimilinu Aratungu  
801 Selfoss

Reykjavík, 27. júlí 2023  
UST202307-001/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Bláskógabyggð - Fellsendi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 3. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Fellsenda í Bláskógabyggði. Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir þremur byggingareitum fyrir tvö íbúðarhús og hlöðu. Skipulagssvæðið er um 113 ha. Auk þess kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru tjörn og votlendi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

### **Girðingar**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna við vatnsbakka. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
**sérfræðingur**